

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 21. desember 2023
MÍ202312-0132/ 6.07 / K.M.

Efni: Efnistaka á Kötlutanga í Höfðafjöru.

Óskað hefur verið eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Fyrirtækið LavaConcept Iceland ehf hyggur á efnistöku og forvinnslu á sandi í Höfðafjöru á Kötlutanga sunnan Hjörleifshöfða. Fyrirhugað er að taka árlega um 35.000 m³ af sandi næstu 15 árin, alls um 525.000 m³. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að sandurinn verði tekinn úr fjöruborðinu og að sjórinn fylli fljótt upp í þær holur sem myndast við efnistöku, en sandurinn meðfram ströndinni er á stöðugri hreyfingu.

Í kafla 1.2.5 í umhverfismatsskýrslu segir að breyting hafi verið gerð á stærða efnistökusvæðisins frá því sem kynnt var í matsáætlun. Þar var áætlað að efnistökusvæðið næði yfir 30 ha svæði en nú er gert ráð fyrir að svæði verði 7,5 ha. Í skýrslunni kemur fram að sandurinn þar sem efnistökusvæðið er staðsett myndaðist með framburði Kötluhlaups árið 1918. Áður var þar sjór.

Í kafla 4.2 í umhverfismatsskýrslu segir að framkvæmdaraðili hafi í matsáætlun tiltekið að ekki yrði fjallað sérstaklega um fornleifar og fleiri umhverfisþætti í umhverfismatsskýrslu og að færð hafi verið fyrir því rök. Skipulagsstofnun hafi ekki gert athugasemdir við að ekki yrði fjallað um þessa umhverfisþætti. Minjastofnun veitti umsögn um matsáætlun með bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 04.01.2023. Þar kom fram að stofnunin féllist á að ekki yrði fjallað um fornleifar í umhverfismatsskýrslu.


Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður, 28.12 2023
2023-11-0351
JPJ

Málefni: Umsagnabeiðni, Efnistaka í Höfðafjöru, nr. 0911/2023: Kynning umhverfismats-skýrslu (Mat á umhverfisáhrifum).

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar þann 23. Nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna umhverfismatskýrslu um efnistöku í Höfðafjöru.

Hafrannsóknastofnun minnir á að taka skuli til greina lög um stjórn vatnamála (lög nr. 36/2011) við mat á umhverfisáhrifum. Fyrirhuguð efnistaka á sér sér stað ofarlega í sandfjöru þar sem árlega á sér stað mikið landbrot vegna haföldu. Mikilvægt er að framkvæmdar aðilar haldi áfram vöktun á fjörunni og geri hlé á efnistöku ef landbrot eykst hraðar en búast má við náttúrulega aðstæður og leyfi fjörunni að jafna sig. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við erindið.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna,



Jónas Páll Jónasson, sviðsstjóri botnsjársviðs



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

19. janúar 2024
Vík í Mýrdal

Efni: Umsögn sveitarstjórnar Mýrdalshrepps um umhverfismatsskýrslu vegna efnistöku í Höfðafjöru

Skipulags- og umhverfissráð Mýrdalshrepps fjallaði um umhverfismatsskýrslu vegna efnistöku í Höfðafjöru á 17. fundi ráðsins þann 12.1.2024 og samþykkti svohljóðandi bókun:

Skipulags- og umhverfissráð felur skipulags- og byggingarfulltrúa að senda inn umsögn við málið sem tekur mið af fyrri umsögn sveitarfélagsins um matsáætlun sem var send Skipulagsstofnun 15. febrúar 2023, en ekki hefur verið brugðist við þeim athugasemdum sem þar komu fram.

Sveitarstjórn tók málið fyrir á 660. fundi þann 18.1.2024 og staðfesti afgreiðslu ráðsins.

Vísast því til fyrri umsagnar sveitarfélagsins þar sem segir:

Sveitarstjórn mælist til þess að matsáætlun taki mið af skilmálum í auglýstu endurskoðuðu aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033, m.t.t. stærðar fyrirhugaðrar námu og vinnslutíma. Skv. matsáætluninni þverar akstursleið einkaland frá efnistökusvæði um Mýrdalssand að þjóðvegi. Liggja þarf fyrir samkomulag við hlutadeigandi áður en akstursleið verður skilgreind með þessu móti. Enn fremur mælist ráðið til þess að aðkoma af þjóðvegi 1 að efnisvinnslusvæði við Uxafótalæk verði skoðuð í samráði við Vegagerðina til þess að gætt verði að umferðaröryggi.

Framangreind atriði eru því ítrekuð vegna umhverfismatsskýrslunnar.

Virðingarfyllst,


Einar Freyr Elínarson

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Svið umhverfismats

thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is**Umsögn vegna umhverfismatsskýrslu fyrir efnistöku í Höfðafjöru, Mýrdalshrepp.**

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar umhverfismatsskýrslu fyrir efnistöku í Höfðafjöru, Mýrdalshrepp, sem unnin er af Eflu verkfræðistofu dags 21. 11. 2023.

Vegagerðin hefur yfirfarið innsenda umhverfismatsskýrslu með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd.

Virðingarfyllst

f.h. Vegagerðarinnar

Rannveig María Jóhannesdóttir

Landfræðingur

Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

Síða 1/1

Vegagerðin

Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 5. janúar 2024
Málsnúmer: 202311-0049
IAS

Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu vegna efnistöku í Höfðafjöru.

Við er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgátt, dagsett 23. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn um umhverfismatsskýrslu efnistöku í Höfðafjöru.

LavaConcept Iceland ehf ætlar að taka árlega um 35 000 m³ (50 000 tonn) af sandi á 7,5 ha efnistökusvæði í fjöruborðinu syðst á Kötlutanga, alls um 525 000 m³ á næstu 15 árum. Í skýrslunni er fjallað um áhrif þess að fjarlægja 850 000 m³ ef til kæmi viðbótar eftirspurn á tímabilinu.

Efnið verður flutt að vinnslusvæði við Uxafótarlæk þar sem sandurinn verður skolaður og sigtaður. Byggður verður upp vegslóði við Miðkvísl vestan við veginn að Hjörleifshöfða frá efnistökusvæðinu upp á þjóðveg en vegur er nú þegar frá þjóðvegi að vinnslusvæðinu við Uxafótarlæk. Eftir vinnslu við Uxafótarlæk verður ekið með sandinn á geymslusvæði í gamalli námu í landi Hrauns en þar verður efnið geymt þar til því verður skipað út í Þorlákshöfn. Reiknað er með sex ferðum á dag með efni þá daga sem efni verður flutt frá Uxafótarlæk.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og kemur með eftirfarandi athugasemdir og ábendingar.

Eins og fram kemur í skýrslunni þá eru sandar eins og Mýrdalssandur algengir á Íslandi og njóta ekki neinnar sérstakrar verndar. Þeir eru hins vegar sjaldgæfir á heimsvísu og hluti af þeirri jarðfræðiheild sem gerir Ísland sérstakt. Efnistakan bætist við náttúrulegt rof og getur haft áhrif langt út fyrir efnistökusvæðið og því er jákvætt að haldið verði áfram með þá vöktun á föstum sniðum sem hófst árið 2021 og farið verði í mótvægisáðgerðir ef þörf er á.

Í umfjöllun um fuglalíf kemur fram að ekki var farið í neinar rannsóknir á fuglalífi heldur stuðst við fyrirliggjandi gögn, þ.e. kortasjá Náttúrufræðistofnunar: Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi, og „fyrirliggjandi rannsóknir á fuglalífi þar sem aðstæður eru sambærilegar“.

Ekki er víst að aðstæður við veginn frá þjóðvegi 1 að efnistökusvæðinu séu alveg sambærilegar við önnur svæði sem skoðuð hafa verið á Mýrdalssandi og líklegt er t.d. að eitthvað af andfuglum nýti sér blaut og gróin svæði við Miðkvísl. Þá má sjá á loftmyndum gróið svæði við smá læk rétt austan við Miðkvísl þar sem fuglar gætu haldið sig. Rétt væri að kanna þessi svæði á varptíma og þá væri hægt að hliðra veginum þannig að hann sneiði hjá fuglaríkum svæðum.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur



Vegna: Máls nr. 0911/2023, Efnistaka í Höfðafjöru (Kynning endanlegra áætlunar)

Athugasemd:

Sveitarfélagið gerir ekki athugasemdir sem slíkar. Skipulags og umhverfisnefnd vill þó benda á mikilvægi þess að umferðaröryggis sé gætt með tilliti til aukinnar umferðar. Má þar nefna að lýsingu skortir við gatnamót Eyrarbakkevegur og nýtt hringtorg vantar sem tengir Óseyrarbraut við Þorlákshafnarveg.

Höfundur: Sigurður Steinar Ásgeirsson/sigurdura@olfus.is

Sent inn þann: 04.01.2024 , **Fyrir hönd:** Sveitarfélagið Ölfus



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 5. janúar 2024
2211111HS SHJ

Efni: Efnistaka í Höfðafjöru - Umsögn um umhverfismatsskýrslu

Þann 23. nóvember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðar efnistöku í Höfðafjöru í Mýrdalshreppi.


Um er að ræða efnistöku og forvinnslu á sandi í Höfðafjöru á Kötlutanga sunnan Hjörleifshöfða. Gert er ráð fyrir að vinna um 35.000 m³ 50.000 tonn af sandi árlega næstu 15 árin, alls um 525.000 m³, en í mati á umhverfisáhrifum verður fjallað um áhrif þess að fjarlægja allt að 850.000 m³ af efni af svæðinu. Í matsáætlun var gert ráð fyrir að raska um 30 ha svæði í heildina, en efnistökusvæðið hefur verið minnkað niður í 7,5 ha. Jafnframt er aðeins unnið á litlum hluta svæðisins í einu auk þess sem ekki er gert ráð fyrir stöðugri vinnslu alla daga, heldur aðeins þegar aðstæður eru góðar. Efnið verður tekið úr fjöruborðinu á því svæði sem fer undir sjó á flóði, þannig að sjórinn á að ná að fylla jafnóðum upp í þær holur sem myndast við efnistöku. Efninu er mokað beint á flutningabíla og það flutt á vinnslusvæði við Uxafótarlæk þar sem það er grófharpað, sigtað og skolað áður en það er flutt á lagersvæði í gamalli grjótnámu í landi Hrauns í Ölfusi um 5 km frá útskipunarstað í Þorlákshöfn. Gert er ráð fyrir útskipun u.þ.b. einu sinni í mánuði. Engin mannvirki verða í Höfðafjöru en gert er ráð fyrir að starfsmenn hafi aðstöðu á vinnslusvæðinu við Uxafótarlæk. Framkvæmdaraðili mun leggja fram vöktunaráætlun þar sem fylgst verður með landrofi á ströndinni þar sem efnistakan fer fram.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda umhverfismatsskýrslu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir við skýrsluna.

Embættið telur að skýrslan geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, þeim umhverfispáttum og valkostum sem matið tók til sem og þeim mótvægisáðgerðum og vöktun sem lagt er upp með. Þá gerir embættið ekki athugasemdir við hvernig unnið var úr gögnum við mat á umhverfisáhrifum, né heldur framsetningu niðurstaðna í skýrslunni.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna skv. viðauka IV. með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi